

21. ÁRNESSÝSLUÞÓSTARNIR eru fjórir:

123

- a. Hinn fyrsti fer frá Kotströnd í Ölfusi þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Reykjavík að Úlfljótsvatni í Grafningi og snýr þaðan aptur að Kotströnd.
- b. Annar fer frá Hraungerði sem fyrst eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, um Arnarbæli í Grímsnesi og Mosfell að Torfastöðum í Biskupstungum, og þaðan aptur sömu leið að Hraungerði.
- c. Hinn þriðji fer sömuleiðis frá Hraungerði sem fyrst eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík um Ólafsvelli og Reyki á Skeiðum að Stóranúpi og þaðan aptur sömu leið að Hraungerði.
- d. Hinn fjórði fer og frá Hraungerði sem fyrst eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík ofan á Stokkseyri og Eyrarbakka, og snýr þaðan aptur daginn eptir að Hraungerði.

Fardagur póstanna frá endastöðvum póstleiðanna er fast ákveðinn við þá daga, sem hjer eru nefndir, þannig, að við böggul- og peningasendingum er ekki tekið lengur en til kl. 7 daginn áður.

Reykjavík 24. nóvbr. 1899.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Auglýsing

124

um skilyrði og reglur fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfjelaga.

Samkvæmt ályktunum, samþykktum af báðum deildum alþingis 1899, skal um skilyrðin fyrir veitingu á styrk úr landssjóði til búnaðarfjelaga og reglur fyrir úthlutun styrksins skipað fyrir svo, sem hjer segir:

A. Almenn skilyrði.

1. Að fjelagið hafi unnið næsta ár á undan því, er styrkurinn er veittur, að minsta kosti 12 dagsverk fyrir hvern búanda í fjelaginu að meðaltali að þeim jarðabótum, er efla grasrækt og garðrækt, og að minnst 8 fjelagsmenn hafi tekið þátt í jarðyrkjustörfum fjelagsins.
2. Að bóunarbrjefum um styrkinn, sem skulu stýluð til landshöfðingja, fylgi reikningur fyrir næsta ár á undan yfir tekjur og gjöld búnaðarfjelags þess, er um styrkinn sækir, og skýrsla um hin unnu störf, útgefin af skoðunarmanni, er sýslunefnd eða bæjarstjórn hefir til þess nefnt. Skoðunarmenn sje eigi fleiri en 3 í sýslu.
3. Að skýrslur skoðunarmanna sjeu samdar eftir formi því, er landsstjórnin gefur út, að í skýrslunum sje tekin fram stærð hvernjar jarðabótar, og að skoðunarmaður riti á skýrsluna vottorð sitt um, að hann hafi ekki tekið til greina aðrar jarðabætur en þær, sem vel eru af hendi leystar.

B. Reglur.

1. Þessar jarðabætur eru teknar upp í skýrslurnar:

- a. Túnasljettun.
- b. Matjurtareitir ný yrktir, jarðvegur byltur og blandaður.
- c. Varnargarðar um tún, sáðreiti, fjárbæli og engi.
- d. Varnarskurðir.
- e. Flóðgarðar.
- f. Stíflugarðar.
- g. Vatnsveitingaskurðir.
- h. Lokræsi.

Aðgjörðir á gömlum jarðabótum má ekki taka upp í skýrsluna, nje heldur þær jarðabætur, sem ekki eru fullgjörðar samkvæmt reglum þessum.

2. Jarðabætur skulu lagðar þannig í dagsverk:

a. túnasljettun	12	<input type="checkbox"/>	faðmar
b. matjurtareitir	20	<input type="checkbox"/>	---
c. varnargarðar:			
1. grjótgarðar einblaðnir, 3 ¹ / ₂ fet á hæð	3		---
2. grjótgarðar tvihlaðnir, 3 ¹ / ₂ fet á hæð	1 ¹ / ₂		---
3. garðar úr torfi og grjóti, 4 fet á hæð	3 ¹ / ₂		---
4. garðar úr torfi, 3 fet á hæð og 5 fet á þykkt að neðan	4		---
d. varnarskurðir, 5—6 feta breiðir að ofan, 2 feta djúpir, og garður á bakkanum 2 feta hár, þakinn að ofan og innan	5		---
e. flóðgarðar	200		teningsfet
f. stíflugarðar	150		---
g. vatnsveitingaskurðir:			
1. einstungnir (1 fet á dýpt)	400		---
2. tvístungnir (2 feta djúpir)	300		---
3. þrístungnir (3 feta djúpir)	200		---
h. lokræsi:			
1. með grjóti (mölræsi)	3		faðmar
2. með hnaus (holræsi)	8		---

3. Styrkurinn skal miðaður við tölu dagsverka þeirra, sem unnin hafa verið í fjelaginu að framantöldum jarðabótum næsta almanaksár á undan því, er styrkurinn er veittur.

4. Bónarbrjefin um styrkinn eiga að vera komin til landshöfðingja fyrir 1. júlí ár það, sem styrkurinn er veittur.

Reykjavík 26. október 1899.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon